

Fundargerð 136. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 10. nóvember kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Æskulýðsrannsókn - 2110014SA

Menntavísindasvið Háskóla Íslands skrifaði nýlega undir samstarfsyfirlýsingu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og félags- og barnamálaráðuneyti um heildstæða æskulýðsrannsókn á velferð, líðan og högum barna og ungmenna á landinu, Íslensku æskulýðsrannsóknina. Æskulýðsrannsókn þessi byggir á viðamiklu alþjóðlegu gagnasafni um heilbrigði og líðan barna í 6.-8. og 10. bekk og verður sérstaklega aðlöguð að þörfum og væntingum hagaðila á Íslandi. Stefnt er að fyrstu fyrirlögn á þessum forsendum vorið 2022. Kolbrún Pálsdóttir, forseti MVS ásamt Ársæli Má Arnarsyni, prófessor í tómtunda- og félagsmálafræði við HÍ komu á fund fræðslumálanefndar og kynntu inntak og fyrirhugaðar fyrirhugningar framkvæmd rannsóknarinnar. Sögðu þau m.a. frá því að haft verður víðtækt samráð við hagsmunaaðila um tillögur að spurningum í rannsóknina og hagnýtingu niðurstaðna. Aðgengi að gögnum, niðurstöðum og skýrslum niður á einstök sveitarfélög verða þeim að kostnaðarlausu, sem og öllum öðrum. Til stendur að bæta 4. bekk inn í þýði rannsóknar og prófa þau í fyrsta skipti á vorönn 2022.

Fræðslumálanefnd lýsti yfir mikilli ánægju með þessa löngu tímabæru ákvörðun íslenskra stjórnvalda og taldi algjört lykilatríði vegna hagnýtingar niðurstaðna að sveitarfélög og skólar hefður greiðan og gjaldfrjálsan aðgang að gögnum og tækifæri til að hafa áhrif á inntak spurninga. Þá væri tengingin við háskólana þýðingarmikil fyrir vettvang. Varast þyrfti að setja nemendur í þá stöðu að þurfa endurtekið að svara sambærilegum spurningum í mismunandi könnunum. Þá þyrfti að vanda vel til kynningarinnar fyrir sveitarfélög og skóla til þess að tryggja meðbyr frá byrjun. Eins mætti athuga hvort sambandið, hagsmunagæsluáðili sveitarfélaganna, ætti ekki að eiga sæti í samráðsnefnd ráðuneyta og háskóla um æskulýðsrannsóknina.

2. Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins - 2009059SA

Á fundi fræðslumálanefndar þann 8. september sl. var fjallað um skýrsluna um styrkingu leikskólastigsins og kostnaðarmatið sem henni fylgir og var óskað eftir því að fá fulltrúa menntamálaráðuneytis á næsta fund nefndarinnar til þess að

ræða framvindu skýrslunnar og ákvarðanir um frekari kynningu á henni. Einnig var fjallað um skýrsluna á fundi stjórnar sambandsins 24. september sl. Stjórnin fól fræðslumálanefnd og sérfræðingum sambandsins í skólamálu að eiga frekari samtöl við ráðuneytið um hvernig staðið verði að forgangsriðun og fjármögnun tillagna.

Óskar Þór Ármannsson, skrifstofustjóri á skrifstofu skóla-, íþrótt- og æskulýðsmála, og Björk Óttarsdóttir, sérfræðingur, komu á fund fræðslumálanefndar. Rifjuð var upp forsaga málsins og lögð áhersla á mikilvægi þess að missa ekki niður samtalið við ráðuneytið um næstu skref í málinu. Sumar tillagna starfshópsins kalla á talsverð útgjöld og það þarf að vera á hreinu að ríkið ætli sér að fjármagna þær aðgerðir og vinna að innleiðingu í markvissu samstarfi við sambandið og sveitarfélögin. Ráðuneytisfólk gerði grein fyrir þeirri vinnu sem þegar er hafin á grundvelli tillagna og tók undir um nauðsyn þess að samstarfið yrði þétt um næstu skref.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leggja til samráðsfund með menntamálaráðuneyti í kjölfar þess að (nýr) ráðherra hefur fengið kynningu á skýrslu starfshópsins, líklega í desember. Þá kom fram að stjórn sambandsins vill leggja áherslu á að forgangsraða tillögum í því skyni að efla menntun starfsfólks leikskóla. Í máli fulltrúa í fræðslumálanefnd kom fram að starfsumhverfi leikskólanna í dag er að mörgu leyti afar flókið. Covid-álag, stytting vinnuviku og lenging undirbúningstíma hefur kallað á aukna mönnun og útgjöld sem víða hefur verið erfitt að mæta. Engu að síður yrði að gæta þess að nota hvert tækifæri til þess að tala upp það góða starf sem fram fer á leikskólum og gera þá að eftirsóknarverðum vinnustöðum.

3. Leikskólamál - leikskólastigið sem menntastofnun - ályktun - 2110003SA

Lögð fram ályktun bæjarráðs Árborgar frá 30. september 2021, þar sem skorað er á stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að beita sér fyrir fullri viðurkenningu ríkisvaldsins á leikskólastiginu sem menntastofnun með því að ríkisvaldið skilgreini sveitarfélögum tekjustofn til að standa straum af kostnaði við rekstur leikskóla frá lokum fæðingarorlofs. Jafnframt þarf að tryggja leiðir til að fjármagna þjónustu við fötluð börn í leikskólum og þau börn sem hafa annað móðurmál en íslensku, t.d. með jöfnunarframlögum. Ályktunin var lögð fram á fundi stjórnar sambandsins 29. október sl. Við umræðu um málið kom fram tillaga um að sambandið standi fyrir málþingi um leikskólamál þar sem rædd verði framtíðarsýn fyrir leikskólastigið. Stjórnin vísaði þeirri tillögu til fræðslumálanefndar og sérfræðinga sveitarfélaga í fræðslumálu til nánari útfærslu.

Ákveðið var að taka ályktun Árborgar og tillögu stjórnar sambandsins um málþing upp á fyrirhuguðum samráðsfundi með menntamálaráðuneytinu, sem væntanlega færi fram í desember, sbr. fundarlið 2.

4. Talmeinaþjónusta við skólabörn - 2009718SA

Þjónusta talmeinafræðinga við börn hefur verið í uppnámi undanfarin ár vegna ákvæða í rammasamningi þeirra við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). SÍ hefur ekki viljað hvika frá kröfu um 2ja ára starfsreynslu talmeinafræðinga að loknu námi áður en þeir geta gert sjálfstæðan samning við SÍ. Sú krafa veldur því að börnum fjölgar enn á biðlistum eftir þjónustu talmeinafræðinga og nýútskrifaðir talmeinafræðingar fá ekki nýtt starfskrafta sína á vettvangi. Veita þarf fleiri talmeinafræðingum aðgengi að samningi við SÍ. Málið var rætt á fundum

fræðslu- og félagsmálanefnda sambandsins og ályktun send í kjölfarið til heilbrigðis-, félags- og menntamálaráðuneyta.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt og verður send til ráðherra mennta-, félags- og heilbrigðismála:

Fræðslumála- og félagsþjónustunefndir sambandsins skora á heilbrigðisráðherra að stíga inn og leysa þann ágreining sem hefur verið í viðræðum Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og starfandi talmeinafræðinga. Núverandi staða bitnar hart á hagsmunum skólabarna, sem ekki fá nauðsynlega þjónustu. Hratt fjölgar á biðlistum á sama tíma og starfsmöguleikar nýútskrifaðra talmeinafræðinga eru skertir með óraunhæfum kröfum. Fyrir liggur að ríkið hefur horfið frá slíkum kröfum í tilvikum annarra sérfræðistétta og sanngirnismál gagnvart fjölskyldum skólabarna að sama gildi um talmeinafræðinga.

Nefndirnar minna á efni viljayfirlýsingar frá 7. september 2018, um aukið samstarf í þágu barna. Heilbrigðisráðherra ritaði undir þessa yfirlýsingu ásamt fleiri ráðherrum auk sambandsins. Ekki verður annað séð en að framkvæmd SÍ á talmeinaþjónustu við skólabörn vinni þvert gegn þeim markmiðum sem yfirlýsingin stefnir að og sem fest voru í lög um samþættingu þjónustu í þágu barna sem Alþingi samþykkti þann 11. júní sl.

Einboðið er því að horfið verði frá þeim einhliða skilmálum sem SÍ hefur sett fyrir greiðsluhlutdeild í talmeinaþjónustu, einkum því skilyrði að talmeinafræðingur afli sér tveggja ára reynslu áður en kemur til greiðsluhlutdeildar af hálfu ríkisins vegna veittrar þjónustu. Óhjákvæmilegt er að ráðherra taki nú þegar af skarið í þessu efni og setji hagsmuni barnanna í forgang með því að fella út þau skerðingarákvæði sem illu heilli voru sett inn í svokallaðan rammasamning. Ekki má verða frekari dráttur á stefnubreytingu varðandi starfsumhverfi talmeinafræðinga og að sérstaða þessarar mikilvægu þjónustu sé viðurkennd. Hlaupi enn meiri harka í samskiptin munu allir aðilar bíða tjón af, börn, fjölskyldur þeirra og skólasamfélagið í heild.

5. Skólalþingi sveitarfélaga 2021 frestað en viljayfirlýsing undirrituð - 2012039SA

Skólalþingi sveitarfélaga, sem fara átti fram 8. nóvember sl. var frestað í ljósi aukins fjölda Covid-19 smita. Ný dagsetning var rædd á fundinum.

Engu að síður fór fram undirritun viljayfirlýsingar þriggja ráðherra og formanns stjórnar sambandsins um sameiginlega úttekt á þróun grunnskólans til hagnýtingar fyrir innleiðingu menntastefnu til 2030, nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu barna og aðgerða í byggðaáætlun.

Fræðslumálanefnd óskaði sambandinu til hamingju með viljayfirlýsinguna og taldi þýðingarmikið að draga lærdóm af reynslunni frá yfirfærslu grunnskólans til hagnýtingar í þeim stóru áskorunum sem fram undan eru.

Þá voru ræddar nýjar dagsetningar og nefndar annars vegar föstudagurinn 14. janúar en hins vegar mánudagurinn 17. Skólamálafulltrúi mun kanna fýsileika þeirra eins fljótt og auðið verður.

Fundi var slitið kl. 14:00

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason

Anna Birna Snæbjörnsdóttir